

Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra á ársfundi Landsvirkjunar 7. mars 2023

Kæru gestir,

Það er ánægjulegt að vera með ykkur í dag, venju samkvæmt. Vægast sagt viðburðaríkt ár að baki frá því við hittumst hér síðast. Það á sannarlega við í orkumálum, og stafar því miður síst af góðu í löndunum víða í kringum okkur.

Á síðasta ársfundi voru örfáar vikur liðnar frá innrás Pútíns í Úkraínu. Heimurinn stóð á barmi ófriðar í okkar heimshluta, sem við höfum ekki mátt venjast um árabíl. Nú, meira en ári síðar, halda rússneskar hersveitir áfram árásum sínum á Úkraínu, en þjóðin er hvergi af baki dottin - og stendur kraftmikinn vörð um frelsi sitt og fullveldi.

Þótt þau komist ekki í hálfkvisti við raunir Úkraínnumanna hafa áhrif innrásarinnar fundist langt út fyrir landamæri ríkisins. Framboðsbrestir og rof á framleiðslukeðjum hafa sett efnahagslíf fjölda ríkja úr skorðum með tilheyrandi áhrifum á íbúa. En það er aðgengið að orku, orkuöryggið, sem hefur verið stóra málið í Evrópu.

Það er kannski fjarlægur veruleiki fyrir flesta Íslendinga að eiga samræður um hvað kostar að fara í sturtu eða hella upp á kaffibolla, en í þessari sérstöku stöðu sem hefur myndast þá voru þetta raunhæfar umræður og ég fann það vel þegar ég ferðaðist til Norðurlanda hversu mikið hefur breyst. Það er á tímum sem þessum sem umræðan um það að vera sjálfbær, að hafa orkuöryggi, öll þessi umræða fær aðra og dýpri merkingu en áður.

Ég hef sagt það áður að við stöndum í mikilli þakkarskuld við kynslóðirnar sem á undan okkur komu og tryggðu aðgang að heita vatninu og nýtingu fallvatnanna. Sú fyrirhyggja, frumkvöðlastarf og framsýni lagði grunninn að því að við búum að sjálfbærri og grænni orku í dag. Ég verð þá að nýta tækifærið og minnst þar á

fyrirverandi formann Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, sem átti þar stóran hlut að máli, í tilefni nýjustu tíðinda af fráfalli hans.

Á grundvelli alls þessa njótum við þess að ver er stöðugt, það hefur verið hlýtt í húsunum okkar í vetur, þrátt fyrir nístingskulda úti fyrir, og fyrirtæki þurfa ekki að rifa seglin vegna orkusHORTS eins og víða hefur gerst annars staðar. Orkusjálfstæði er grundvallaratriði og snar þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar.

-

Rétt eins og við stöndum í þakkarskuld við kynslóðirnar sem á undan komu, höfum við líka tækifæri til að skapa enn betri framtíð fyrir komandi kynslóðir. Það getum við gert meðal annars með því að leggja grunn að grænna samfélagi. Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið í orkuskiptum og höfum tækifæri til að vera sjálfum okkur nóg. Tækifæri til að tryggja enn betur í sessi orkuöryggi Íslendinga eru til staðar.

Möguleikarnir eru víða og vöxtur í grænum iðnaði. Það eru miklar breytingar fram undan t.d. í þungaflutningum, fyrsta rafknúna farþegaflugvélin var flutt til landsins nýlega og hvarvetna líta metnaðarfull áform dagsins ljós. Til dæmis á það við um innanlandsflug heilt yfir. Orkuskipti á hafi eru líklega ekki svo fjarlæg - það er ótrúlega merkilegt að finna hversu mikil breyting í þeirri umræðu þessi árin frá ári til árs. Hlutir sem þótt mjög fjarlægir fyrir skömmu síðan þykir þess virði að skoða í dag og hvort hægt sé að hrinda þeim í framkvæmd innan tíðar. Og svona má lengi áfram telja. Þetta eru allt dæmi um raunhæf tækifæri sem við getum nýtt okkur til þess að byggja betri framtíð.

Við megum ekki gleyma því að við höfum um margt sérstöðu. Við getum sett okkar mark á loftslagsmálin í stærra samhengi og sýnt með því bæði ábyrgð gagnvart heimsbyggðinni allri og skapað frekari hagsæld og mikil tækifæri hér innanlands til þess að skapa til dæmis verðmæt störf og útflutningstekjur. Við eigum mannauð sem er á heims mælikvarða í orkumálum, mikið hugvit sem eftirspurn er eftir – það eru áskoranir um allan heim sem við getum komið að því að leysa. Enda er nýsköpun á þessu sviði nánast á hverju strái eins og á svo mörgum öðrum sviðum á Íslandi í dag. Nærtækt er að nefna Koldísi, verkefni Landsvirkjunar þar

sem koldíoxíði er dælt niður frá Þeistareykjum. Þar er tækni Carbfix, fyrirtækis sem er orðið okkur flestum kunnugt, nýtt við lykilaðgerð í vinnu Landsvirkjunar í átt að kolefnishlutleysi, sem ráðgert er á þarnaesta ári. Hvorki meira né minna.

Áhugi á rafeldsneytisframleiðslu hér á landi er mikill og hratt vaxandi. Við stjórnámálamennirnir skynjum það, af og til er verið að klukka okkur og benda á tækifæri sem í þessu liggja og margir áhugasamir sem hafa samband við orkufyrirtækin, sveitarstjórnarfólk og stjórnámálamenn í öllum flokkum. Rafeldsneyti er bara eitt dæmi af mörgum um framleiðslu ráðast má í hér með umhverfisvænni hætti en víðast hvar.

Kæru gestir,

Til að vel megi vera, til að við náum að komast lengra í orkuskiptunum á sjálfbæran hátt, þurfum við að virkja meira. Það er ekki ásættanlegt í mínum að Landsvirkjun þurfi í auknum mæli að hafna ákjósanlegum verkefnum sem sækjast eftir rafmagnssamningum, sérstaklega þegar þetta eru mál sem tengjast þessum verkefnum sem hjálpa til að komast í átt að markmiðum sem við höfum sameiginlega sett okkur.

Tækifærin felast ekki aðeins í vatnsafla. Á stormasömum vetrardegi í Reykjavík er nærtækt að nefna vindinn. Ég hef trú á að með skynsamlegum ramma og samráði við nærsamfélög megi sækja mikinn ávinning fyrir íslenska þjóð með lágmarks raski á umhverfinu í gegnum vindorkunýtingu. Við þurfum hins vegar að fara varlega og vanda okkur sérstaklega. Kannski má segja að það sé kostur fyrir okkur að aðrir eru komnir lengra og hafa þar sem sumir gert mistökin sem við getum lært af og forðast í okkar uppgangi. Það er ekki lítils virði að vera á þeim stað. Ég má til með að deila því með ykkur hér að ég var um helgina staddur í borginni Liverpool og þar fór fram knattspyrnuleikur sem fór nú ekkert allt of vel fyrir mitt lið, og við skulum ekki ræða það aftur hér í dag, en það vakti athygli mína að í miðbæ borgarinnar þar sem eru miklar framkvæmdir og fyrir allra augum eru risin þó nokkuð stór mannvirki, vindmyllur, sem eru að framleiða orku beint inn í

stórborgina. Þetta verður maður meira og meira var við, ekki bar að maður sjái fleiri og fleiri vindmyllur víða heldur eru þær í mörgum tilvikum komnar inn í mannabyggðir.

Við erum rétt á fyrstu metrunum í að ákveða regluverk fyrir þessa hluti en það eru margir að störfum við það, það er mikil vinna í gangi inni í stjórnkerfinu og ég veit að ráðherra orkumála ætlar að fara um landið og eiga samtál um þessa hluti. Það skiptir gríðarlega miklu máli að við komumst á þann stað að geta tekið ákvarðanir um það hvernig við ætlum að fara í þessa uppbyggingu. Ég segi aftur, við viljum fara varlega, við viljum ekki gera sömu mistök og aðrir, en það eru miklir hagsmunir fólgnir í því að við komumst að góðri niðurstöðu þar því þarna eru áreiðanlega dýrmæt tækifæri fyrir okkur.

Það er eðlilegt og jákvætt að samkeppnismarkaður þrífist í orkumálum hér líkt og annars staðar. Ríkið hefur á sama tíma mjög mikilvægu hlutverki að gegna við stefnumörkun á sviðinu, við að setja leikreglurnar almennt, ekki bara fyrir vindmyllur eins og ég nefndi hér áðan- en það er líka mikilvægt að ríkið hefur aðkomu að því oft að setja fordæmi. Nú er ríkið í viðræðum við Landsvirkjun um nýtingu vatnsréttinda og það skiptir miklu máli að við fáum farsæla niðurstöðu í það mál sem fyrst og það er í farvegi og ég veit að við munum leysa úr því verkefni okkar í milli. En það eru að renna upp slíkir tímar fyrir okkur vegna þess hve við þurfum mikla orku á komandi misserum, að við þurfum að hugsa um hvert og eitt skref í lengri tíma samhengi.

Kæru gestir,

Það var stór áfangi þegar ríkið lauk við kaup á öllu hlutafé í Landsneti fyrir áramót eftir nokkuð langar og strangar samningaviðræður við marga samningsaðila.

Það hefur verið okkar sýn, og búið að festa í lög, að Landsnet eigi að vera eingöngu í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sem birtist meðal annars í Orkustefnu til ársins 2050, að hlutlaust eignarhald sé

grundvöllur gagnsæis og jafnræðis á raforkumarkaði. Þessi kaup voru í mínum huga mikilvægur liður í því að hrinda þessu í framkvæmd.

Sala Landsvirkjunar á sínum hlut í Landsneti eru hins vegar ekki einu tíðindin af rekstri félagsins. Hér í lokin má ég til með að ræða sérstaklega um afar góðan árangur Landsvirkjunar á síðasta ári. Reksturinn í fyrra, eins og komið er fram hér, gekk betur en nokkru sinni fyrr. Meðalverð til stórnotenda hefur aldrei verið hærra, ekki síst vegna góðs árangurs félagsins í endursamningum undanfarin ár. Skuldastaðan er á fæeinum árum orðin sterk. Á mínum tíma í fjármálaráðuneytinu hef ég átt samtöl við Landsvirkjun sem hafa til dæmis sem hafa verið að biðja um skilning á að þurfa að komast undir fimm sinnum Ebitda hlutfallið í skuldum áður en við gætum haft væntingar um miklar arðgreiðslur. En það er ótrúlegt hversu langt undir þetta viðmið Landsvirkjun er komin í dag enda eru arðgreiðslurnar orðnar verulegar og skuldastaða félagsins orðin afar sterk. Það má gera ráð fyrir félagið greiði eiganda sínum, íslenska ríkinu, 20 milljarða í arð. Það munar um minna.

Ég vil óska stjórnendum og öllu starfsfólki Landsvirkjunar hér innilega til hamingju með vel unnin störf.

Ég kem í blálokin inn á stöðu ríkisfjármálanna sem hafa heilt yfir verið að þróast í rétta átt þó að mikill halli hafi verið á Covid-árunum. Það hefur frá upphafi verið mín sín að við eigum að vaxa út úr þessum erfiðleikum sem Covid-árin hafa fleytt til okkar og við eigum síður að komast á þann stað að ná endum saman með skattahækkunum og niðurskurði. Við erum með skýra áætlun í þeim efnum og þessar arðgreiðslur og skattgreiðslur frá Landsvirkjun eru gríðarlega mikilvægar á þessari leið. Verðmætasköpun í orkugeiranum, og starfsemi Landsvirkjunar, er einfaldlega einn af lykilþáttunum í markmiðum okkar í ríkisfjármálunum. mikilvægt hlutverk. Fyrir það hversu vel hefur verið haldið á þessum málum ber að þakka.

Með áframhaldandi sókn í orkumálum leggjum við ekki aðeins grunn að grænna samfélagi, heldur um leið fleiri tækifærum fyrir samfélagið allt, fleiri spennandi störfum, verðmætum og vel launuðum störfum og leggjum grunn að góðri stöðu ríkissjóðs. Með sínum hætti gerir Landsvirkjun það og þar með að mikilli hagsæld allra landsmanna til langrar framtíðar.

Þakka ykkur fyrir.